

# REGLUGERÐ

## fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

### I. KAFLI

#### Stjórn og rekstur.

##### 1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Keflvíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysuhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Suðurnesja. Hitaveitan er stofnuð samkvæmt lögum nr. 100 frá 31. desember 1974 og starfar samkvæmt þeim með breytingum, sem gerðar hafa verið með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, lögum nr. 91 frá 29. maí 1984 lögum nr. 101 frá 31. desember 1985 og lögum nr. 108 frá 29. desember 1988.

##### 2. gr.

Hitaveita Suðurnesja er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili hennar og varnarþing er í Keflavík.

##### 3. gr.

Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skal vera:

- a) Að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir.
- b) Að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði sínu og annast sölu á orku til notenda.
- c) Önnur nýting á jarðgufu og grunnvatni.

Heimilt er hitaveitunni að reisa kyndistöðvar, ef rekstraröryggi krefst.

Starfsemi hitaveitunnar skal beinast að öflun orku og dreifingu hennar í sveitarfélög þau, sem aðild eiga að henni.

##### 4. gr.

Eignarhlutur eigenda Hitaveitu Suðurnesja skiptist þannig, samanber lög:

Ríkissjóður Íslands . . . . .	20,00%
Keflavíkurkaupstaður . . . . .	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður . . . . .	12,83%
Grindavíkurkaupstaður . . . . .	11,17%
Miðneshreppur . . . . .	6,99%
Gerðahreppur . . . . .	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur . . . . .	3,57%
Hafnahreppur . . . . .	0,69%

##### 5. gr.

Sameigendur bera einfalda og óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í henni.

##### 6. gr.

Eignarhlutföllum í Hitaveitu Suðurnesja verður ekki breytt, og engum sameigenda er heimilt að ganga úr henni, án samþykkis allra hinna.

Verði ákvörðun tekin um að krefjast viðbótarframlags í hitaveituna frá eigendum hennar, skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll.

## 7. gr.

Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum, er um getur í 4. gr.

## 8. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur einkaleyfi til starfsrækslu hitaveitu og rafveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að henni.

## 9. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa hvor í stjórnina og einn til vara.

Sveitarfélög þau, sem eigendur eru að hitaveitunni, skipa einn fulltrúa hvert í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst, næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar.

Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn, frá aðalfundi til aðalfundar.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 4. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur hitaveituna.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að jafnaði. Skylt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, að skal þá fundi halda innan viku frá því ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur. Nú verður fundur ólögmat-ur, vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá, með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, en áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sækji eigi. Meirihluti atkvæða ræður, en séu atkæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlok og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundarmaður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt, eftir að undirskrifuð hefur verið, nema augljós glöp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

## 10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum hitaveitunnar og rekstri hennar.

1. Hún markar heildarstefnu hitaveitunnar og skal gæta hagsmuna hennar í hvívetna.
2. Hún ákveður framkvæmdir á orkuveitusvæðinu.
3. Hún setur gjaldskrá fyrir hitaveituna.
4. Hún staðfestir samninga um orkukaup og orkusölu.
5. Hún undirbýr reglugerð um hita- og raflagnir o.fl. á veitusvæði hitaveitunnar og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.
6. Hún tekur lán til þarfa hitaveitunnar og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir hennar hönd.
7. Hún ræður forstjóra og forstöðumenn aðaldeilda.

8. Hún ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga hitaveitunnar.

Til að skuldbinda hitaveituna þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum, svo og mönnum utan stjórnar, umboð til að skuldbinda hana í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir hitaveituna. Forstjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a.m.k. fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum hitaveitunnar á næstliðnu ári.

#### 11. gr.

Forstjóri veitir hitaveitunni forstöðu. Hann annast daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn gefur. Hann skal helga hitaveitunni starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu, án samþykkis stjórnar hennar. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Forstjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar, hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundarefni varði hann sjálfan og störf hans hjá hitaveitunni. Hann annast undirbúning stjórnarfunda í samráði við stjórnarformann.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn en þá, sem taldir eru í 10. gr. 7. tl.

#### 12. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða, skal að því stefnt, að hitaveitan skili nægjanlegum greiðsluafgangi svo hún geti jafnan, með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum, tryggt viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

#### 13. gr.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum að nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingum, þannig að öruggur rekstur hennar sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar.

#### 14. gr.

Semja skal fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hitaveituna og leggja hana fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en í desember ár hvert.

#### 15. gr.

Reikningsár hitaveitunnar skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn hitaveitunnar, eigi síðar en 1. mars ár hvert, ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar hitaveitunnar, ásamt umsögn endurskoðanda og ársskýrslu, skulu sendir eignaraðilum til athugunar viku fyrir aðalfund.

#### 16. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila, nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor. Allir sveitarstjórnarmenn á orkuveitusvæðinu skulu eiga rétt til setu á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mála:

1. Skýrslu stjórnar og forstjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar hitaveitunnar.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra fulltrúa í stjórn hitaveitunnar, sbr. 9. grein.
5. Önnur mál.

## II. KAFLI

### Hitaveita.

#### 17. gr.

Hitaveita Suðurnesja lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsi leggur hitaveitan lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá, er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tenginu við hitaveituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi, og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og mælir eða hemill eru ekki í sama herbergi, skal lögn þar á milli vera óhulin.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum, undir yfirstjórn hitaveitunnar.

#### 18. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkrafid húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum, eftir almennum skaðabótareglum.

#### 19. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tenginu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur hitaveitan þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

#### 20. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa, en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar.

#### 21. gr.

Réttur húseigenda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri hitaveitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur, svo fljótt sem verða má.

#### 22. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, en leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir, vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar sjálfrar.

Hitaveitan ábyrgist ekki tjón, sem verða kann á ofnakerfum og tilheyrandi búnaði vegna tæringar og áskilur sér rétt til að krefjast þess, að forhitarar verði settir á öll húskerfi, sem tengjast hitaveitunni.

## 23. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslivatn, skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins, og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 35° C.

## 24. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi, með minnst 7 daga fyrirvara, senda umsókn um það til hitaveitunnar.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

## 25. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrætti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

## 26. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir, gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera samkvæmt íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn samkvæmt íslenskum staðli ÍST 64.

Ef hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

## 27. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

## 28. gr.

Pegar hitaveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal hún árita 3 eintök hans. Eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni hitaveitunnar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá, er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasöfnun.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun sinni tekur hitaveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða að kerfi sé rétt útreiknað.

## 29. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir iðnaðarlögum. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa og samþykktu uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Hitaveitan getur áskilið, að þeir einir megi stunda suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafi sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eda rafsuðu.

Engir aðrir en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða annarra reglna, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á. Getur þá hitaveitan veitt honum áminningu og ennfremur getur stjórn hitaveitunnar samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

## 30. gr.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdrætti og aðrar reglur og lög, er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal tryggja, að stjórn tæki starfi eðlilega.

Alíti eftirlitsmaður, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

## 31. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálstan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

## 32. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg samanber 23. gr.

## 33. gr.

Hitaveitan getur, þegar selt er um hemil, ákveðið visst lágmark selds magns um hvern hemil. Jafnframt getur hún ákveðið, að notendur geti aðeins á vissum ákveðnum árstíma breytt keyptu magni til lækkunar.

## 34. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu, skulu vera þrýstímælar og öryggisloki, samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda eiga hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu, samkvæmt nánari fyrirmælum hitaveitunnar.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslípípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitunnar. Skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni, eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið. Frá þenslukeri skal vera loftpípa, lögð út úr húsi.

Ofangreindar heimildir eiga þó eingöngu við eldri hús og skal í öll ný hús setja þrýstímæli og öryggisloka.

## III. KAFLI

**Rafmagn, húsveitur og tenging þeirra.**

## 35. gr.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá hitaveitunnar og að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá hitaveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

Hitaveitan getur krafist þess, að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi afl- og orkunotkun.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og hitaveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar, eða gera meiri háttar viðbætur í lágspennukerfi, er hitaveitunni heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni, þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

Hitaveitunni er heimilt að krefjast lágmarksgjalds, vegna notkunar um heimtaug.

Heimtaugar með stofnvári eru eign hitaveitunnar, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Hitaveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta, vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug, skal húseigandi greiða kostnaðarmun, sem ákveðinn er í gjaldskrá.

## 36. gr.

Forstjóri eða rafverktakaleyfisnefnd veitir þeim rafverktakaleyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum hitaveitunnar.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða hitaveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum, sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að láta hitaveitunni í té upplýsingar um húsveitur og raftæki, sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

## 37. gr.

Hitaveitan annast úttekt og skoðun á raflögnum samkvæmt reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði.

Hitaveitan getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem hún innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka, er um verkið sá.

Hitaveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

## 38. gr.

Sérhver húsveita, að meðtöldum neyslutækjum, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og tæknireglum hitaveitunnar. Það telst óleyfilegt, sem ekki fullnægir þessum kröfum. Efni í veitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að truflunum valdi á ljósum eða annarri notkun.

Misbrest á þessu, eða aðra galla á veitu eða tækjum, skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað láta löggiltan rafverktaka lagfæra.

Komi í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af hitaveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, skal eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við gallana.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað, sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér.

Hitaveitan getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafn fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er

til athugunar á öryggi þeirra, þar með talin neyslutæki,

til athugunar á mælitækjum og því, hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá,

til álestrar á mælitæki,

til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Setja má í sérstakri reglugerð, staðfestri af ráðherra, sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

#### IV. KAFLI

##### **Skilmálar fyrir raforkusölu.**

###### 39. gr.

Skilyrði raforkusölu er, að samþykkt hafi verið umsókn um tenginu víðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar.

###### 40. gr.

Hitaveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði hennar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Hitaveitan getur krafist þess, að sérhver, sem óskar að gerast notandi raforku, sæki um það skriflega og geri nánari grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, samanber einnig 11. gr.

Á þeim stöðum í veitukerfinu, þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður hitaveitan nánari skilmála.

Hitaveitan getur takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

Ef hitaveitan telur nauðsynlegt, að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð, í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal hitaveitunni látin í té nauðsynleg lóð eða húsnæði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi, og nauðsynleg lóð eða aðstaða fyrir jarðstengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Hitaveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja má þinglýsa á viðkomandi húseign.

Orkuafhendingu má binda því skilyrði, að kostnaður vegna sérstakrar fjarlægðar sé greiddur af umsækjanda.

Óski hitaveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað hitaveitunnar. Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu á húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og hitaveitan hefur samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af hitaveitunni, er óheimilt, án leyfis hennar.

#### 41. gr.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu hitaveitunnar, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Notendur, sem greiða aflgjald, eiga þó rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflunar á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

Hitaveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim, né heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

Hitaveitan áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimitaugar, er hitaveitunni heimilt að taka rafmagn af því svæði, sem nauðsynlegt er, til að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður hitaveitan, hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur hitaveitunni, þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

#### 42. gr.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxa (gjaldskrárlíð) hitaveitunnar, er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti eitt ár. Þó getur hitaveitan leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan taxa, skal umsókn um það send hitaveitunni með eins mánaðar fyrirvara.

Hitaveitan áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxa með eins mánaðar fyrirvara, ef í ljós kemur, að notkunin á að falla undir annan taxa.

Notandi ber ábyrgð á notkun um þá veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með tilkynningu til hitaveitunar með edlilegum fyrirvara.

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til hitaveitunnar um notendaskipti. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila, er áður var notandi viðkomandi veitu.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 43. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja, nema annað sé tekið fram.

#### 44. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar, nefnist húseigandi (veitueigandi).

Kaupandi orku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

## 45. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá hitaveitunni.

## 46. gr.

Nú er tenginu heimæðar/heimtaugar lokið og er þá tengigjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafín samkvæmt ákvæðum gjaldskrár.

Notandi skal greiða hitaveitunni orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á orku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna ekki sjaldnar en á um það bil 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlaðri orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjaldddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 15 dögum síðar, og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Sé reikningur ekki greiddur á eindaga, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, hefur hitaveitan rétt til að innheimta vanskilavexti, sem reiknast frá gjaldddaga reiknings hverju sinni.

## 47. gr.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari, eða skriflegum samningi um orkukaup, má hitaveitan stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist honum með minnst þriggja daga fyrirvara.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila hitaveitunni sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli), má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflagjaldi og tækjaleigu á lokunartímanum.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning og stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Hitaveitan má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi eða lokun fyrir aðrennsli heita vatnsins í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Hitaveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opna aftur, nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

Enginn má rjúfa straum, loka fyrir aðrennsli heita vatnsins, endurtengja veitu né opna fyrir aðrennsli heita vatnsins, nema þeir, sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má hitaveitan rjúfa fyrirvaralaust.

## 48. gr.

Hitaveitan setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til, án samþykkis hitaveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra, ef það þykir hentugra, að dómi hitaveitunnar.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir hitaveitunni um það.

Hitaveitan annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess. Sama gildir, ef mælitæki eyðileggst af völdum frosta.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja samkvæmt gjaldskrá hitaveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber notandi, sem skráður er fyrir mælitækinu, ábyrgð á greiðslum, vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera hver um sig ábyrgð „in solidum“ á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu orkunotkunar fari fram á það skriflega.

Óski notandi eftir að mælitæki verði prófað, skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja  $\pm 5\%$  eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

Ef fram kemur við prófun, sem hitaveitan framkvæmir, að mælitækið hafi mælt  $5\%$  of lítið eða þaðan af minna, skal notandinn greiða það sem vanmælt var.

Hafi tækið mælt  $5\%$  of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi, eða í reiðufé.

Hitaveitan getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengri tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfur notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins eða annars sambærilegs aðila. Er hann bindandi fyrir báða aðila.

Hætti skráður notandi orkukaupum, skal hann í tæka tíð tilkynna það til hitaveitunnar, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því. Eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og nafnúmer/kennitölu nýs notanda.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á veitu eða tækjum, er hitaveitunni ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur, áskilur hitaveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.

Verði uppvíst, að seld orka sé notuð á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tenginu, þannig að notkun komi ekki öll fram, skal hitaveitan áætla þá notkun. Skal notandi gjalda fyrir hana eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má við matið hafa hliðsjón af stærð á t.d. vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

## 49. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kwst - mæla, straumpenna, hemla, vatnsmæla og þess háttar. Einnig mega starfsmenn hitaveitunnar innsigla hluta veitu, sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn hitaveitunnar. Önnur innsigli hitaveitunnar mega rafverktakar og pípulagningameistarar rjúfa, að fengnu leyfi hitaveitunnar hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli, en þá skal viðkomandi, eigi síðar en næsta dag á eftir, tilkynna hitaveitunni skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða rafverktaki því athygli, að innsigli sé rofið eða vantí, er hann skyldur að tilkynna hitaveitunni slíkt án tafar.

Ef maður rýfur innsigli hemils eða annars mælitækis án gildrar ástæðu, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

## 50. gr.

Heimilt, er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar, vegna lagningar heimtaugar/heimæðar, sem að hans ósk er lögð í frosna jörð.

## 51. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, svo og gjaldskrá settri samkvæmt henni, má innheimta með lögtaki.

## 52. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

## 53. gr.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt. Er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það, ef þörf krefur, á kostnað þess aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar, en innheimta síðan hjá viðkomandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur, samanber 76. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967.

## 54. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

## 55. gr.

Með þessari reglugerð falla úr gildi eldri reglugerðir nr. 389/1976 og 365/1985 um Hitaveitu Suðurnesja svo og þær reglugerðir fyrir rafveitur sveitarfélaga, sem þar eru tilgreindar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum Hitaveitu Suðurnesja nr. 100 frá 31. desember 1974 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1990.*

**Jón Sigurðsson.**

*Páll Flygenring.*